

59
23. júní

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. málsgrein 2. gr. laganna orðist þannig:

Auk þessa styrks fær hvert sjúkrasamlag greitt úr ríkissjóði eftir á, samkvæmt ársreikningi þess, upphæð, sem nemur $\frac{1}{4}$ hluta af sjúkrahússkostnaði, þó aldrei meira en kr. 1.50 á legudag hvern.

2. gr.

Á eftir c-lið 2. tölul. 3. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gift kona getur ekki orðið hluttækur félagi í sjúkrasamlagi, ef maður hennar hefir hærri tekjur en hér greinir.

2. tölul. d. í sömu grein orðist þannig:

Eigi ekki skuldlausar eignir, er nemi meira en 10 þús. kr., ef um einstakling er að ræða, en ef hjón eru, 15 þús. kr.

5. tölul. sömu greinar orðist þannig:

Réttindi hluttækra samlagsmanna skulu vera: læknishjálp, sjúkrahússvist og lyf, samkvæmt því, sem nánar er tekið fram í samþykktum hvers samlags. En jafnan skal þó hver félagi greiða sjálfur lyf þau að fjórðungi, er hann fær í heimahúsum eða utan sjúkrahúss.

Sjúkrasamlög skulu veita félögum sínum kost á að tryggja sér dagpeninga, sem þó mega ekki vera hærri en nemi $\frac{2}{3}$ af venjulegum tekjum hlutaðeiganda. Dagpeningagreiðslur falla niður, ef sjúklingur hefir tekjur sínar óskertar.

3. gr.

Á eftir 3. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 4. og 5. gr. svo hljóðandi:

a. (4. gr.). Komi það fyrir, að umsækjandi í sjúkrasamlagi hafi vísitandi gefið rangar upplýsingar, t. d. um aldur, heilsufar, tekjur eða eignir, er hann skyldur að endurgreiða allt, er samlagið hefir þurft að greiða vegna hans.

Ef tekjur eða eignir hluttæks samlagsmanns fara yfir hámark það, sem ákveðið er í 2. gr., c- og d-liðum, er hann skyldur til að tilkynna það

stjórn samlagsins áður en einn mánuður er liðinn frá því honum er kunnugt um breytinguna. Geri hann það ekki, er hann skyldur að endurgreiða samlaginu allan þann kostnað, er það hefir greitt vegna hans frá þeim tíma, er hann hætti að fullnægja framangreindum skilyrðum. Ekki eiga menn þeir, sem um ræðir í 1. og 2. málsg., neina kröfu um endurgreiðslu á neinu af því fé, er þeir hafa greitt í samlagssjóð.

- b. (5. gr.). Nú nær sjúkrasamlag ekki viðunandi samningum við þá, er það þarf að semja við. Er þá stjórnarráðinu heimilt að undanþiggja samlagið, að meira eða minna leyti, þeirri skyldu að sjá félögum sínum fyrir læknishjálp, lyfjum og sjúkrahúsvist. Skal þá að loknu reikningsári greiða samlagsmönnum sjálfum upp í sjúkrakostnað þeirra, samkvæmt kvittuðum sundurliðuðum reikningum frá læknum, lyfjabúðum eða sjúkrahúsum, eftir því sem fjárhagur samlagsins leyfir, þó aldrei meira en $\frac{2}{3}$ af upphæð reikninganna.

Nú kemur það fyrir, að stjórn sjúkrasamlags sér það, að útgjöld þessi verða svo mikil, að hætta er á því, að samlagið komist í fjárprot. Skal hún þá kalla saman aukafund í samlaginu, og ráðstafar hann, á hvern hátt ráða skuli fram úr málinu. Er þá heimilt samkvæmt ályktun þessa fundar, hvenær sem er á reikningsárinu:

- 1) Að hækka iðgjöld samlagsmanna, svo sem þurfa þykir.
- 2) Að undanþiggja samlagið, að meira eða minna leyti, þeirri skyldu að sjá félögum sínum fyrir læknishjálp, lyfjum og sjúkrahúsvist.

Ákvarðanir slíkra funda öðlast þó ekki gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af stjórnarráði Íslands, og hefir það vald til að breyta þeim, ef nauðsynlegt þykir.

4. gr.

4. og 5. gr. laganna verða 6. og 7. gr.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazzt staðfesting konungs, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim og í lögum nr. 28, 14. júní 1929, 1. gr., inn í texta laga um sjúkrasamlög, nr. 81, 28. nóv. 1919, og gefa þau út sem lög um sjúkrasamlög.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.